

Fundur (nr. 156) í skólanefnd fimmtudaginn 7. febrúar 2013 kl. 16:15-17:30

Fundarstjóri: Dóra Ármannsdóttir.

Fundarritari: Herdís Þ. Sigurðardóttir

Mættir: Dóra Ármannsdóttir, Erna Björnsdóttir, Guðrún Árný Guðmundsdóttir, Halldór Valdimarsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Hjördís Eva Ólafsdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Margrét Hólm Valsdóttir, Trausti Aðalsteinsson, Þorkell L. Þórarinsson.

Forföll: Aðalsteinn J. Halldórsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Margrét Magnúsdóttir.

1. Gengið um skólann

Dóra leiddi fundarmenn um húsnæði skólans og kynnti það.

2. Kynning á starfsemi skólans

Fundarmenn kynntu sig. Dóra kynnti starfsemi skólans og fór yfir heimasíðu hans. Rætt um fyrirhugaðar námskrárbreytingar og þá stefnu sem skólinn hyggst taka í þeim efnum.

3. Hlutverk skólanefndar

Dóra kynnti hlutverk skólanefndar eins og það birtist á heimasíðu skólans. Hún mun senda fundarmönnum eintak af skólasamningi. Rætt um innra mat skólans og hvernig FSH hyggst standa að skólakynningu í nálægum grunnskólum.

4. Rekstur

Dóra kynnti niðurstöðu af rekstri 2012 og rekstraráætlun fyrir árið 2013.

5. Önnur mál

Rætt um dillidaga og fyrirhugaða háskólakynningu á Akureyri.

6. Kosning formanns

Erna Björnsdóttir var tilnefnd sem formaður skólanefndar og var tillagan studd með öllum greiddum atkvæðum. Guðrún Árný var tilnefnd sem varaformaður og var sú tillaga jafnframt studd með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki rætt,
fundi slitið.